

Fundarnúmer:	536
Dagsetning:	07.04.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

536. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. apríl 2008 kl. 10:00 í fundarherbergi sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann Tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðbygging við Hamarsbúð.
3. Bréf Þorgríms Guðna Björnssonar.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 1. apríl sl.
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 2. apríl sl.
6. Fundargerð 752. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Upplýsingar frá Menningarráði Norðurlands vestra.
8. Drög að reglum um afgreiðslu frístundakorta.
9. Úthlutun leiguíbúðar fyrir aldraða í Nestúni.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um mögulegar endurbætur á flotbyggju í smábátahöfn, húsnæðismál áhaldahúss, viðhald í íþróttamiðstöð, breytt skipulag sorphirðu, opnunartíma sormóttökustöðvar, fyrirhugað útboð vegna viðhalds Hvammstangabrautar og Norðurbrautar, eftirlit með lausagöngu hunda og katta o.fl. Byggðarráð samþykkir að taka til endurskoðunar verklagsreglur um hunda og kattahald.
2. Lögð fram drög að verksamningi við Tvo smíði ehf. um viðbyggingu Hamarsbúðar. Verksamningurinn tekur til allrar smíðavinnu og efniskostnaðar vegna smíða sbr. teikningar A01 og A02 frá Hauki Árnasyni byggingartæknifræðingi. Utan samnings þessa eru vatns- og raflagnir. Verkkostnaður er alls kr. 3.650.000- með vsk. Byggðarráð samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og felur sveitarstjóra undirritun verksamningsins.
3. Fram lagt bréf Þorgríms Guðna Björnssonar. Í bréfinu óskar hann eftir því að fá aðgang að íþróttamiðstöð til æfinga án þess að hafa með sér ábyrgðarmann. Byggðarráð samþykkir að boða íþrótt- og tómsfundarfulltrúa til fundar þar sem farið verði yfir fyrirbyggjandi öryggisreglur íþróttamiðstöðvar.
4. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 1. apríl sl. Guðný Helga Björnsdóttir skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 2. apríl sl.
6. Fram lögð til kynningar fundargerð 752. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. mars sl. Elín R. Línadal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
7. Fram lagðar til kynningar upplýsingar frá Menningarráði Norðurlands vestra m.a. fjárhagsáætlun ársins 2008, samþykktir menningarráðsins, fundagerðir frá 13. mars og 19. mars sl. og boðun aðalfundar sem haldinn var þann 5. apríl sl.
8. Drög að verklagsreglum um afgreiðslu frístundakorta lögð fram. Byggðarráð samþykkir að vísa verklagsreglunum til umsagnar menningar- og tómsfundaráðs. Jafnframt taki ráðið til umfjöllunar álit Odds Sigurðarsonar um afgreiðslu frístundakorta.
9. Að fenginni umsögn Þjónustuhóps aldraðra samþykkir byggðarráð að úthluta Erlu Eðvaldsdóttur íbúð fyrir aldraða í Nestúni nr. 211. Samþykkt að taka á dagskrá:
10. Heimir Ágústsson tók upp umræðu um viðhald sauðfjárveikivarnargirðinga þar sem m.a.

er stefnt að því að Vatnsneshólf verði aflagt. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.
11. Samþykkt að almennur sveitarfundur verði haldinn á Hvammstanga 21. apríl nk. kl. 20:30.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:35

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).